

Staðgreiðsla 2009

Skatthlutfall staðgreiðslu er 37,2%

Skatthlutfall í staðgreiðslu 2009 verður 37,2%. Skatthlutfall barna, þ.e. þeirra sem fædd eru 1994 eða síðar, verður 6% af tekjum umfram frítekjumark.

Persónuafsláttur á mánuði er 42.205 kr.

Persónuafsláttur ársins 2009 er 506.466 kr. eða 42.205 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2009 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður kr. 42.205
- Ef launatímabil er hálfur mánuður kr. 21.102
- Ef launatímabil er fjórtán dagar kr. 19.426
- Ef launatímabil er ein vika kr. 9.713
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

Kr. 506.466 X dagafjöldi launatímabilsins
365

Heimilt að nýta 100% afslátt frá maka

Pegar launamaður nýtir skattkort maka síns er launagreiðanda heimilt að nota allan þann persónuafslátt (100%) sem skattkortið veitir rétt til.

Sjómannaafsláttur

Sjómannaafsláttur verður 987 kr. á dag.

Frítekjumark barna er 100.745 kr.

Börn sem fædd eru 1994 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á árinu 2009 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 100.745 kr. Á skilagreinum RSK 5.12 og sundurliðunum RSK 5.06 skal tiltaka heildarlaun án tillits til frádráttar.

Frádráttur vegna greiddra iðgjalda í lífeyrissjóð er 4% af launum og allt að 4% viðbótarfrádráttur

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenn- dra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 4% af iðgjaldsstofni til aukning- ingar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglu- lega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris- sjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.

Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 5,34%

Tryggingagjald er 5,19%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðasjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þess- ara gjalda 5,34%. Af launum sjómanna á fiskiskipum greiðast til viðbótar 0,65% í iðgjald vegna slysatrygg- ingar:

• Almennt tryggingagjald	4,54%
• Atvinnutryggingagjald	0,65%
• Tryggingagjald alls	5,19%
• Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota	0,10%
• Markaðsgjald	0,05%
• Samtals til staðgreiðslu	5,34%
• Viðbót vegna launa sjómanna	0,65%
• Samtals af launum sjómanna [á fiskiskipum]	5,99%

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð E-101 gilda sérstakar reglur.

Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá skattur.is

Dæmi um útreikning á staðgreiðslu

Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun þegar tekið hefur verið tillit til frádráttarbærs iðgjalds launþega í lífeyrissjóð. Í þessu dæmi sem tekið er hér eru heildarlaun fyrir einn mánuð kr. 200.000. Iðgjald í lífeyrissjóð, þ.e. framlag launþega, er 4% eða kr. 8.000 (sbr. þó heimild til viðbótarfrádráttar, sjá bls. 1). Staðgreiðslan myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Stofn til staðgreiðslu	kr.	192.000
Staðgreiðsluhlutfall		x 37,2%
Reiknuð staðgreiðsla	kr.	71.424
Frá dregst persónuafsláttur	kr.	42.205
Staðgreiðsla	kr.	29.219

Noti maður skattkort maka nýtir hann allan (100%) þann afslátt sem kortið veitir.

Dæmi um útreikning á tryggingagjaldi

Stofn til tryggingagjalds er hærri en staðgreiðsluskyld laun þar sem mótframlag launagreiðenda til lífeyrissjóða myndar stofn til tryggingagjalds. Undanþegin gjaldskyldu er sú fjárhæð sem launagreiðandi fær endurgreidda úr Fæðingarorlofssjóði.

Í dæminu hér að framan voru heildarlaun kr. 200.000. Við það bætist mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð, sem í þessu dæmi er 8% af kr. 200.000 eða kr. 16.000. Tryggingagjald og gjöld sem innheimt eru með því myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Stofn til tryggingagjalds	kr.	216.000
Staðgreiðsluhlutfall		x 5,34%
Tryggingagjald o.fl.	kr.	11.534

Dæmi um útfyllta skilagrein LÖGAÐILA

RSK		Skilagrein staðgreiðslu af launum	
		Eintak innheimtumans	
Kennitala		Greiðslutímabil	Kr.
440469-4469		01 2009	
Nafn - heimili - pósthósti launagreiðanda			
Gjafavörverslunin ehf. Laugavegi 202 100 Reykjavík			
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.			
13. 2. 2009		<i>Björn Björnsson</i>	
Dagsetning		Undirskrift	
		A Staðgreiðsla og tryggingagjald samtals (B+C+D)	40.753
		B Staðgreiðsla af greiddum launum	29.219
		C Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi	
		D Tryggingagjald	11.534
		E Heildarfjárhæð greiddra launa	200.000
		F Reiknað endurgjald greiðanda	
		G Samtala til afstemmingar (A+B+C+D+E+F)	281.506
		<input type="checkbox"/> Engin laun greidd á tímabilinu	

Dæmi um útfyllta skilagrein SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGA

RSK		Skilagrein staðgreiðslu af launum	
		Eintak innheimtumans	
Kennitala		Greiðslutímabil	Kr.
290259-2009		01 2009	
Nafn - heimili - pósthósti launagreiðanda			
Björn Björnsson Laugavegi 201 100 Reykjavík			
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.			
13. 2. 2009		<i>Björn Björnsson</i>	
Dagsetning		Undirskrift	
		A Staðgreiðsla og tryggingagjald samtals (B+C+D)	40.753
		B Staðgreiðsla af greiddum launum	
		C Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi	29.219
		D Tryggingagjald	11.534
		E Heildarfjárhæð greiddra launa	
		F Reiknað endurgjald greiðanda	200.000
		G Samtala til afstemmingar (A+B+C+D+E+F)	281.506
		<input checked="" type="checkbox"/> Engin laun greidd á tímabilinu	